

L Ö G

73

29. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1959 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1958, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

74

30. des.

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almanna-trygginganna á árinu 1959, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.